

Kór Hofsstaðaskóla

Kór Hofsstaðaskóla er að hefja vetrarstarfið. Kórinn er fyrir nemendur í 4.-7. bekk. Í kórnum verða sungin fjölbreytt lög, sígild og popplög, keðjusöngvar og sungið í röddum. Kórinn kemur fram við ýmis tækifæri. Fastir liðir eru að sungið verður í jólamessu Hofsstaðaskóla og settur verður upp söngleikur á vordögum.

Kórgjald fyrir veturinn er 5.000 kr. og fá foreldrar upplýsingar um greiðslufyrirkomulag eftir skráningu. Áhugasamir en óákveðnir nemendur eru velkomnir á eina æfingu til að kynna sér kórinn áður en ákvörðun um skráningu er tekin.

Æfingar verða á föstudögum kl. 14.00 - 15.00 eða í beinu framhaldi af skólastarfinu. Fyrsta æfing verður föstudaginn 2. september.

Stjórnandi kórsins er Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari.

Skráningablöðum skal skila til Helgu ritara eða Unnar tónmenntakenna.

Það er gaman að syngja í kór, söngurinn göfgar og glæðir auk þess sem félagsskapurinn er skemmtilegur.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Klippa hér:

NAFN:

BEKKUR:

Samþykki foreldris:
